

Erindisbréf

Heiti vinnuhóps: Hópur um skólalóðir
Ábyrgðarmaður: Vinnuhópur um fimm ára áætlun og Gerður G. Óskarsdóttir hvað varðar stefnumörkun fræðsluráðs.
Hlutverk/markmið: Hópurinn starfar sem undirhópur vinnuhóps um fimm ára áætlun um skólabyggingar og er ráðgefandi við hann varðandi skólalóðir og undirbýr stefnumörkun fræðsluráðs.
Helstu verkefni: <ul style="list-style-type: none">• að móta tillögur um hlutverk skólalóða í skólastarfinu (faglegar áherslur)• að útfæra dæmigerða skólalóð fyrir tveggja hliðstæðna skóla sem samræmist hugmyndum hópsins þannig að unnt sé að reikna út kostnað• að gera tillögur um fyrirkomulag á hönnun og ráðstöfun fjármagns vegna skólalóða
Fulltrúar í hópi: Anna Kristín Sigurðardóttir, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur Guðrún Þórsdóttir, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Hreinn Ólafsson Fasteignastofa Reykjavíkur Guðrún Hilmisdóttir, Gatnamálastofa Reykjavíkur, Þórólfur Jónsson, garðyrkjudeild Heilbrigðis- og umhverfisstofu
Verkstjóri vinnuhóps: Anna Kristín Sigurðardóttir
Ritari: Hópurinn velur sér ritara.
Ráðgjöf: Hópurinn hefur samráð við starfsfólk skólanna, sérstaklega verður leitað eftir samráði við móðurskóla í náttúrufræðikennslu.
Starfstímabil: September 2002 – byrjun desember 2002
Skil: Hópurinn skilar tillögum að stefnumörkun fræðsluráðs til fræðslustjóra 15. nóvember og til vinnuhóps um fimm ára áætlun í byrjun desember.

Reykjavík 24. 10, 2002.

Grunnskólalóðir – hugarflugsfundur.

Kæri þátttakandi.

Hafin er vinna við næstu 5 ára áætlun um skólabyggingar í Reykjavík. Hún er unnin í samvinnu Fasteignastofu Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur.

Í inntaki áætlunarinnar er fjallað um skólalóðir:

- Í umfjöllun um skólalóðir við alla skólana segir:
Þar verði tekið mið að stefnumörkun fræðsluráðs um skólalóðir (liggur ekki fyrir, en verður gerð á haustmánuðum 2002). Hún fjallar m.a. um hlutverk skólalóða í skólastarfinu, fyrirkomulag á hönnun og ráðstöfun fjármagns.
- Skólalóðir: (hópur um skólalóðir)
*Verkefni hópsins: Að gera tillögur um faglegar áherslur um nýtingu skólalóða, mögulegar útfærslur og kostnaðaráætlun.
Hópurinn verði skipaður 5 aðilum, tveimur frá Fræðslumiðstöð og þremur frá Umhverfis- og tæknisviði, þ.e. Fasteignastofu, Heilbrigðis- og umhverfisstofu og gatnamálastofu.*

Til þess að ýta þessari vinnu úr vör verður haldinn hugarflugsfundur í Skúlatúni 2, 5. hæð gamla Borgarstjórnarsal miðvikudaginn 30. október 2002, kl. 13⁰⁰ til 16¹⁵, og er þér boðið til fundarins.

Þátttakendur:

1. Gerður G Óskarsdóttir, Fræðslustjóri, Fræðslumiðstöð. gg@rvk.is
2. Guðm. Pálmi Kristinsson, Forstöðumaður Fasteignastofu, gudmpalmi@rvk.is
3. Stefán Jón Hafstein, Formaður fræðsluráðs, stefanjon@rhus.rvk.is

4. Anna Kristín Sigurðardóttir, kennslufræðingur, Fræðslumiðstöð. aks@rvk.is
5. Egill Guðmundsson, arkitekt, Arkís ehf. egill@ark.is
6. Rósa Magnúsdóttir, líffræðingur, Umhverfis- og heilbrigðisstofu. rosam@her.rvk.is
7. Rúnar Gunnarsson, arkitekt, Fasteignastofu. runag@rvk.is
8. Sighvatur Arnarsson, tæknifræðingur, Fasteignastofu. sighvatur@rvk.is
9. Þórður Kristjánsson, skólastjóri. Skólastjórafélg Reykjavíkur. thkrist@ismennt.is

10. Bjarni Gunnarsson, verkfræðingur, Hnit hf. bjarni@hnit.is
11. Guðrún Hilmisdóttir, verkfræðingur, Gatnamálastofu. gsh@rvk.is
12. Hreinn Ólafsson, tæknifræðingur, Fasteignastofu. hreinno@rvk.is
13. Jón Júlíus Elíasson, skruðgarðyrkjumeistari, 893 5788. gardmenn@gardmenn.is
14. Markús Guðjónsson, skruðgarðyrkjumeistari, 892 0419. asberg@simnet.is
15. Yngvi Þór Loftsson, landslagsarkitekt, Landmótun ehf, yngvi@landmotun.is
16. Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt, Landslag ehf, thrainn@landslag.is
17. Þórolfur Jónsson, landslagsarkitekt, Umhverfis- og heilbrigðisstofu. thorolfur@rvk.is

18. Gísli Sváfnisson, kennari, Hólabrekkuskóla, prins@mmedia.is
19. Guðrún Sturlaugsdóttir, kennari, Melaskóla, gudruns@ismennt.is
20. Guðrún Þórsdóttir, kennsluráðgjafi, Fræðslumiðstöð. gudrunth@reykjavik.is
21. Hildur Hafstað, skólastjóri, Engjaskóla. hildhaf@engjaskoli.is
22. Ingunn Emilsdóttir, skólaliði, Ölduselsskóla. ingunnemilsoldusel@yahoo.com
23. Rúnar Sigríksson, íþróttakennari, runar@aknet.is
24. Sigrún Helgadóttir, kennari, Selásskóla, sigrunh@ismennt.is
25. Steinunn Sturludóttir, skólaliði, Breiðagerðisskóla. breidag@ismennt.is

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna,
Rúnar Gunnarsson,
arkitekt, Fasteignastofu Reykjavíkur.

Skólastjórar í grunnskólum Reykjavíkur

20. nóvember 2002

Efni: Beiðni um álit vegna vinnu við skólalóðir

Ákveðið hefur verið að vinna að stefnumörkun um skólalóðir í tengslum við gerð fimm ára áætlunar um viðbyggingar og breytingar á húsnæði grunnskóla Reykjavíkur. Nokkrar ástæður þrýsta á að nú sé unnið sérstaklega með skólalóðir:

- Vegna fimm ára átaks í einsetningu grunnskóla hefur vinna við skólalóðir setið á hakanum og því margar skólalóðir ófrágengnar.
- Það styður við áherslu á einstaklingsmiðað nám og samþættingu námsgreina.
- Vegna einsetningar eru nú mun fleiri nemendur á lóðinni en áður var.
- Aukin áhersla á umhverfismál og umhverfismennt í kennslu stuðla að auknum áhuga fyrir því að nýta nánasta umhverfi skólans í kennslunni.
- Lenging skóladags og skólaárs kallar á breytta kennsluhætti og meiri fjölbreytni í námsumhverfi.
- Stöndum að baki nágrannþjóða í því að nýta nánasta umhverfi til kennslu bæði hvað varðar skipulag umhverfisins og kennsluhátta.

Vinnan hófst með hugarflugsfundi á Fasteignastofu Reykjavíkur 30. október 2002. Til hans voru boðaðir aðilar sem tengjast hönnun og notkun skólalóða á ýmsan hátt, samtals 20 manns. Meðfylgjandi drög að stefnumörkun eru samantekt af þeim fundi. Þar eru mörg álitamál sem þarf að ræða, taka afstöðu til og að bæta við fleiri atriðum.

Í framhaldi af þeim fundi voru undirrituð skipuð í sérstakan starfshóp til að vinna áfram með málið. Til ráðgjafar eru umsjónarmenn móðurskóla í náttúrufræði.

Meðfylgjandi drög eru nú send í skólana til kynningar og umræðu. **Þið eruð vinsamlega beðin um að sjá til að þau fái umræðu í ykkar skóla og senda ábendingar til Önnu Kristínar, (aks@grunnskolsr.is), fyrir 15. desember n.k.** Æskilegt er að hver kafla væri tekin til umræðu og lýst álitum á því sem þar kemur fram og bætt við. Margir aðilar innan skólans gætu komið að umræðunni, s.s. fulltrúar allra starfshópa, nemendur og foreldrar.

Til að aðstoða fólk í þessari umfjöllun er **boðið upp á fræðslufund um hlutverk og nýtingu skólalóða** (sjá meðfylgjandi fundarboð). Allir eru velkomnir á þann fund, skólastjórar, kennarar og aðrir starfsmenn og ekki síður fulltrúar frá foreldraráði eða foreldrafélagi skólans. **Vinsamlega komið fundarboðinu áfram til þessara fulltrúa.**

Jafnframt er tiltækt efni úr fyrirlestrum og víðar gert aðgengilegt á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur (www.grunnskolar.is)

Góðar skólalóðir koma til móts við markmið um fjölbreytta kennsluhætti og gegna veigamiklu hlutverki í skólastarfinu og því mikilvætt að vel takist til við hönnun og skipulag. Umsagnir og ábendingar frá ykkur eru því mjög mikilvægar inn í vinnu hópsins.

Með fyrirfram þökk
Vinnuhópur um skólalóðir

Anna Kristín Sigurðardóttir, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
Guðrún Hilmisdóttir, Gatnamálastofu Reykjavíkur
Guðrún Þórsdóttir, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
Róbert Árni Róbertsson, Fasteignastofu Reykjavíkur
Þórólfur Jónsson, garðyrkjudeild Heilbrigðis og umhverfisstofu

Minnispunktur af fundi um skólalóðir

Fundur um skólalóðir haldinn á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur fimmtudaginn 28. nóvember 2002, kl. 15.00 – 16.30. Fundarstjóri var Guðrún Þórsdóttir, Guðrún S. Hilmisdóttir skrifaði minnispunkta á fundinum. Eftirfarandi gerðist:

Guðrún Þórsdóttir bauð fólk velkomið á fundinn og lét ganga til fundarmanna lista til skráningu á þátttöku. Guðrún skýrði frá því að fundurinn væri hluti af vinnu sem hafin er við gerð 5 ára áætlunar um viðbyggingar grunnskóla í Reykjavík. Einnig að Valgerður Snæland Jónsdóttir, skólastjóri Smáraskóla hefði boðað forföll þannig að erindi hennar félli niður.

Anna Kristín Sigurðardóttir kynnti verkefnahóp um lóðir og upphaf vinnu hans. Síðan fór Anna Kristín yfir ferð sína til Lundar í Svíþjóð og kynnti stefnu sem þar var tekin varðandi grænar skólalóðir. Sigrún Helgadóttir fjallaði um skólalóðina í náttúrufræðikennslu. Sigrún drefði til minnispunktunum: Skólalóð: Hlutverk og hönnun, og fjallaði um helstu áherslur sínar varðandi skólalóðir.



Umræður.

Eftir kynningarnar var dreift til fundarmanna Hugmyndir að stefnumörkun um skólalóðir við grunnskóla Reykjavíkur, drög. Drögin höfðu verið send til skólanna með tölvupósti með fundarboði. Þau eru í vinnslu í starfshópi um skólalóðir. Drögin eru sett fram sem grunnur og er óskað eftir því að þau yrði rædd í hverjum skóla ef hægt væri. Best væri ef hver skóli gæti farið yfir markmiðin og setji fram sínar skoðanir og sendi inn punkta varðandi drögin. Spurning um umfjöllun í blönduðum hópum þar sem koma að skólastjórar, kennarar, skólaliðar, foreldrar, nemendur. Fundurinn hugsaður til þess að gera drögin betri.

Nokkrar ábendingar sem komu fram á fundinum:

- Varðandi vatn á skólalóðum vantar hugmyndir um hvernig hægt sé að umgangast vatn og drullu og börn í skóla. Bent á t.d. aukaföt í skólann, þurrkskápa í skóla, venjast ástandi, kunna að umgangast vatn.
- Varðandi mikið malbik á skólalóðum, það þarf íþróttavelli á skólalóðir, því fleiri börn sem eru útá velli því betra.
- Spurningar varðandi ræktun barna á lóð.
- Hvað vilja börnin?
- Skólalóð er staður til að leiks sér á.
- Vantar íþróttahöld og leiktæki til hópleikja.
- Eru fræðslufirvöld og ÍTR að vinna saman?
- Skólalóðir eiga að vera íþróttasamkomustaðir íbúa hverfis á kvöldin, um helgar.
- Er búið að gleyma börninum sem vilja boltaleiki?
- Er verið að útiloka ÍTR frá þessari vinnu?
- Innigarður kominn, listi yfir gróður tilbúinn en vantar fjármagn til að setja verkefnið af stað.
- Lóðir – athuga þarf mismunandi þarfir skóla eftir skólgerðum. Heilstæður skóli, skólar með 1-7 bekk og skólar með 8-10 bekk.
- Ef komin er teikning og hugmyndir að ræktun, hvar er fjármagnið, hvenær má byrja að framkvæma?
- Vegna einsetningar grunnskóla í Reykjavík hafa skólalóðir beðið.
- Ekki ætlað fé á næsta ári fyrir skólalóðir.
- Vilji og skilningur á því að það þurfi aukið fjármagn í skólalóðir.
- Tré og skólaskógar, Yrkja og Yrkjusjóður, gróðurreitir á skólalóð.
- Aðgangur að ráðgjöf vegna ræktunar á skólalóð - Skógræktarfélag Reykjavíkur.
- Mikilvægt að hafa svæði til að hreyfa sig á.
- Fara með börnin útaf skólalóð til að kenna á náttúruna.
- Má gera lóðir náttúruvænni.
- Gá að því hvenig skólabörnum líður núna út á lóð – fá nemendur inni umræðuna.
- Samkvæmt Fasteignastofu má ekki hafa vatn inná skólalóð.
- Þurfa allir nemendur skólans að vera úti í einu?
- Fjölbreytni lykilatriði.
- Skólalóðinni hluti af námuni, útvikkun á kennslu.
- Þurfum við að vera með 40 mín. kennslustundir?
- Verðum að hugsa málið uppá nýtt.

Að lokum þakkaði Guðrún Þórsdóttir fundarmönnum fyrir góðan fund og ítrekaði ósk um að fá sendar inn hugmyndir og ábendingar við útsend drög.



Sigrún Helgadóttir
Náttúrufræðingur og kennari
Selásskóla

Skólalóð - Hlutverk og hönnun

Forsendur:

- * Þéttbýlismyndun, breyttir lífshættir -> firring, börn læra ekki lengur náttúrufræði í daglegu lífi í gegn um leik og störf.
- * Nú sem aldrei fyrr mikilvægt að þekkja umhverfi sitt og skilja -> aukin krafa á náttúrufræðináám.
- * Náttúrufræði lærist ekki nema að nokkru leyti, og skilst engan veginn, af bókum eða fjölmiðlum -> útinám nauðsynlegt.
- * Breyttir kennsluhættir -> fjölbreytt kennsluumhverfi -> útinám mikilvægt.
- * Útinám nauðsynlegt til að ná fjölmörgum markmiðum aðalnámskrár.
- * Útinám / útivist í fjölbreyttu umhverfi mikilvægur liður í líkamlegri og félagslegri heilsurækt.

Útbætur:

- * Vettvangsferðir - flóknar, dýrar, geta aldrei orðið annað en stakir viðburðir.
- * Náttúruskólar - algengir erlendis bæði í dreifbýli en þó ekki síður í þéttbýli. Hérlandis aðeins tveir, Alviðra í Ölfusi og Reykir í Hrutafirði. Engir "dagskólar" í þéttbýli. (Erlendis eru náttúrustofur/skólar á opnum svæðum í og við borgir þar sem starfa landverðir/kennarar og aðstoða aðra kennara við útikennslu bæði við þeirra eigin skóla eða í kring um náttúruskólann.)
- * Grenndarskógar - verkefni Skógræktar ríkisins o.fl. Lesið í skóginn, tálgað í tré. Markmið að hverjum skóla sé úthlutað grenndarskógi í nágrenni skólans.
- * Útikennsla við skóla. Aðstæður mjög mismunandi eftir skólum erfiðastar í mesta þéttbýlinu þar sem þörfin er mest. Kennarar hikandi við að fara út af skólalóðum.
- * Breytingar á skólalóðum, líta á skólalóðir sem hluta af skólanum, koma þar fyrir fjölbreyttu umhverfi bæði til beinnar kennslu og til frjálsra leikja barna.

Úrbætur á skólalóð:

- * Fjölbreytni í landslagi, hólur, lautir, lundir, gjarnan vatn t.d. af þökum.
- * Fjölbreytni í hellulögnum og stígum t.d. með ólíkum formum, Δ \diamond \square \square \circ .
- * Krákustígar, þrautabrautir og völundarhús, tré og grjót, koma að nokkru (alveg) í stað leiktækja.
- * Gangstígar eftir þörfum en slíkir stígar mynda nánast aldrei 90° horn!
- * Grjót af mismunandi gerð, stærð og lit; lábarðir steinar, holtagrjót, rauðamöl, hörpuð mól, sjávarmöl
- * Fjölbreyttur trjágróður, sem flestar tegundir til að auka fjölbreytni. Leggja áherslu á tré með berjum og berjarunna bæði fyrir fugla og fólk.
- * Grasflatir bæði slegnar og óslegnar -> bómaengi.
- * Á nýjum skólalóðum - halda hluta af þeim með upprunalegum gróðri. Flytja íslenskar plöntur inn á gamlar lóðir.
- * Nota ekki illgresis- eða skordýraeyði, leggja t.d. áherslu á þekjandi plöntur í beðum.
- * Bekkir og borð.

Lokaður garður:

- * Prælskipulögð útikennslustofa með fjölbreyttum sýnishornum af gróðri og náttúrugripum í góðum tengslum við skólann, skipulögð í afmarkaða reiti hver með sitt hlutverk.
- * Steinareitur. Grjót af ýmsum algengum gerðum. Hraunhella t.d. með hraunreipum, hraundrangi með mosa, holtagrjót með fléttum, lábarinn steinn, jökulrispaður steinn, grágrýti, móberg, stuðull, ljósgrýti, hrafninna, vikur,
- * Reitur með holtagróðri, krækilyng, holtasóley, holurt, lambagras
- * Íslenskar þurrlendisplöntur, blágresi, sóley, bláklukka, mjaðurt ...
- * Votlendisreitur, engjarós, fjalldalafífill, fífur
- * Tjörn, horblaðka, hófsóley, fergin, starir ...
- * Reitur með fjölbreytni - erlendar tegundir, lögð áhersla á plöntur sem blómstra snemma og seint og laða að sér flugur.
- * Matjurtir, kartöflur, gulrætur,
- * Gróðurhús, tilraunir og ræktun t.d. matjurta
- * Aðstaða til vinnu.
- * Sólarrafhlaða.
- * Veðurstöð (úrkoma, hiti)
- * Fuglaborð, varpkassar fyrir starra.

Plöntur í algengum íslenskum kennslubókum

Komdu og skoðaðu umhverfið, (1.-2. bekkur)

Túnfífill, baldursbrá, blágresi, birki, greni, lokasjóður, vallhumall, grámosi.

Náttúran allan ársins hring, (4. bekkur)

Mikið fjallað um plöntur almennt en ekki einstakar tegundir.

Lífríkið á landi, (5, 6.-7. bekkur)

Melasól, bláklukka, þrenningarfjóra.

Á byggðu bóli: Túnfífill, gulrófur, gulrætur, blómkál, hvítkál, grænkál, kartafla, rabarbari, haugarfi, hjartaarfi, njóli, kerfill, sigurskúfur, mjaðurt, baldursbrá, þrenningarfjóra, hundasúra, umfeðmingur.

Valllendi: Sóley, fífill, snarrót, vallhumall, maríustakkur, tungljurt, lokasjóður, hvítsmári, vallarfoxgras, vallarsveifgras, túnvingull.

Votlendi: Hrafnafífa, starir, horblaðka, ætihvönn, geithvönn, sæhvönn, engjarós, hófsóley, hrafnaklukka, mýrarsóley.

Kjarr- og skóglendi: Birki, reyniviður, einir, gulvíðir, grávíðir, loðvíðir, ösp, lerki, greni, fura, elri, þinur, blágresi, hrútaberjalyng, aðalbláberjalyng, mjaðurt, möðrur, maríustakkur, undafíflar, burknar.

Holt og móar: Holtasóley, jakobsfífill, gleym-mér-ei, lyfjagras, smjörgras, fjalldalafífill, flagahnoðri, steindepla, kornsúra, dýragras, Friggjargras, brönugras, hjónagras, ilmreyr, reyrgresi, krækilyng, bláberjalyng, aðalbláberjalyng, sortulyng, beitleyng, fjalldrapi.

Melar og sandar: Melgresi, lúpína, lambagras, geldingahnappur, músareyra, blóðberg, melablóm, melasól, holurt, ljónslappi, sauðamergur, eyrarrós, ljósberi.

Til fjalla: Jöklasóley, vetrarblóm, þúfusteinbrjótur, stjörnusteinnbrjótur, helluhnoðri, burnirót, Ólafssúra, grasvíðir, loðvíðir, grávíðir, gulvíðir, fjallasveifgras,

Ströndin: Skarfakál, tágamura, blálilja.

Auk þessara plantna er getið fjölmargra annarra lífvera, mosa, sveppa, fléttna, smádýra, spendýra og fugla.

Samningar vegna tannviðgerða á tímabilinu 1995 – 2002, vegna slyss í skóla.

Skóli	Fjöldi tannslýsa á lóð	% af nemendafjölda í 1. – 7. bekk	Slys á öðrum stöðum í skóla	Samtals
Austurbæjarskóli	5	0,11	5	10
Álftamýrarskóli	4	0,17	2	6
Árbæjarskóli	8	0,20	2	10
Ártúnsskóli	0	0	2	2
Borgaskóli*	5	0,15	1	6
Breiðagerðisskóli	5	0,13	2	7
Breiðholtsskóli	5	0,11	8	13
Dalbrautaraskóli	0	0	0	0
Einholtsskóli	0	0	0	0
Engjaskóli	7	0,23	3	10
Fellaskóli	8	0,22	2	10
Foldaskóli	6	0,14	3	9
Fossvogsskóli	3	0,08	2	5
Grandaskóli	8	0,21	4	12
Hagaskóli	1	0	4	5
Hamraskóli	2	0,08	2	4
Háteigsskóli	3	0,11	1	4
Hlíðaskóli	3	0,07	0	3
Hólabrekkuskóli	2	0,05	8	10
Húsaskóli	4	0,13	9	13
Hvassaleitisskóli	0	0	1	1
Klébergsskóli	0	0	0	0
Korpuskóli*	3	0,19	0	3
Langholtsskóli	4	0,10	4	8
Laugalækjarskóli	0	0	1	1
Laugarnesskóli	3	0,07	3	6
Melaskóli	10	0,16	9	19
Réttarholtsskóli	0	0	0	0
Rimaskóli	11	0,18	3	14
Safamýrarskóli	0	0	0	0
Selásskóli	5	0,12	4	9
Seljaskóli	7	0,14	8	15
Vesturbæjarskóli	8	0,25	5	13
Víkurskóli*	1	0,06	0	1
Vogaskóli	1	0,03	3	4
Ölduselsskóli	5	0,12	2	6
Öskjuhlíðarskóli	0	0	0	0
SAMTALS	137	0,12	98	235

* tók til starfa eftir 1995

Um 58% allra tannslýsa urðu á skólalóð á þessu tímabili.

Fylgiskjal 9

Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942 / 2002.

Sjá á vefslóðinni:

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/lookByNumer/9422002?OpenDocument>

Fylgiskjal 10

Práinn Hauksson landslagsarkitekt

AT – tímarit Arkitektafélags Íslands, desember 2002

SKÓLALÓÐIR

Pistill þessi byggir á grein sem birtist í ritinu “Heimili og skóli”. Nýlega tók ég þátt í hugarflugsfundi um skólalóðir sem haldinn var á Fasteignastofu Reykjavíkur fyrir fáum vikum síðan. Þar voru fulltrúar skólastjórnenda, kennara, hönnuða og tæknimanna. Sú þverfaglegu breidd opnaði ný sjónarhorn á viðfangsefnið. Svo var það um daginn að ég ætlaði að skila af mér, að ég heyrði erindi Kristínar Þorleifsdóttur, um doktorsverkefni hennar í landslagsarkitektúr, þar sem hún gerir grein fyrir rannsóknnum sínum á áhrifum umhverfisgæða á heilsufars barna.

Eftir þetta “faglega áreiti” gat ég ekki hent greininni óbreyttri í ritnefndina og hef því gert aðra atlögu að efninu. Hvort þessi mikla umræða um þessar mundir sé tímabundin bóla skal ósagt látið, en víst er að viðhorf til skólalóðarinnar hefur breyst mikið frá því að ég og jafnaldrar mínir fórum sem krakkar að leika “niðrá skólamöl”. Núna þykir það nánast sjálfsagt að skólalóð sé vel búin dvalarsvæðum, boltavöllum og leiksvæðum. Það eru þó ekki nema u.þ.b. 15-20 ár síðan farið var að hanna og ganga frá skólalóðum samhliða hönnun og byggingu nýrra skóla. Nú þegar nokkurra ára reynsla er komin á vandlega frágengnar lóðir, aukast kröfur og væntingar og skoðanir starfsfólks skólanna sem og foreldra verða stöðugt ákveðnari. Góð fordæmi er til fyrir því að t.d. íþróttakennarar og náttúrufræðikennarar nýti skólalóðina og nánasta umhverfi í skólastarfinu. Þrátt fyrir miklar framfarir á stuttum tíma, er margra spurninga að spyrgja um hvernig góð skólalóð eigi að vera.

Kostnaður

Skólalóðir eru tiltölulega dýrar í framkvæmd og til skamms tíma var tilhneiging til að fresta lóðarframkvæmdum og hönnun um óákveðinn tíma. Reynslan hefur þó sýnt, að ef ekki er litið á þessar framkvæmdir sem hluta stofnkostnaðar vilja þær dragast von úr viti. Þegar ekki er lengur unað við ófrágengna lóð, er gripið til ómarkvissra framkvæmda til að lækka óánægjuraddir. Slík vinnubrögð gefa sjaldan góða útkomu. Víða þarf að gera umtalsvert átak til að endurskipuleggja lóðir við eldri skólabyggingar og framkvæma í áföngum.

Algengara er þó að um heildarhönnun skólalóðar sé að ræða samhliða hönnun nýbyggingar. Þá er

kostnaður við gerð skólalóðar tekin með í reikninginn frá upphafi og litið á hann sem sjálfsagðan hluta

af byggingarkostnaði. Kostnaður við skólalóð er oft 10% af heildarkostnaði mannvirkisins. Þetta eru

verulegar upphæðir, t.d. á billinu 50-100 milljónir og yrði alltaf erfitt að ná í slíkar upphæðir til

framkvæmda eftir að byggingin hefur verið tekin í notkun.

Hér eru framkvæmdir við byggingu og lóð boðnar út saman og skilað tilbúnum til notenda. Við þessar aðstæður er sjaldnast um samstarf við notandann að ræða, því hann er ekki til sem persóna. Mikilvægt er að á landsvísu verði til einhvers konar gæðahandbók hönnunar skóla og skólalóða, þar sem verði að finna forsögn að skólalóð rétt eins og gerð er húsrýmisætlun fyrir skólabyggingar og þá tekið mið af áætluðum nemendafjölda.

Stærðir skólalóða.

Í [lögum um grunnskóla nr. 66/1995](#) er nánast ekkert sem kveður á um skólalóðina. Þar segir þó að skólanefnd skuli m.a. sjá til þess að fyrir hendi sé fullnægjandi aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði

nemenda. Í reglugerð um lágmarksaðstöðu grunnskóla nr. 519/1996 eru nokkuð ítarlegri fyrirsmáli, en í 6. gr þeirrar reglugerðar segir:

Við hönnun nýrra grunnskóla skal afmörkuð skólalóð. Sveitarstjórn ákveður stærð skólalóðar en hún skal þó aldrei vera minni en 2000 fermetrar. Þessu til viðbótar skal að jafnaði miðað við eitt bifreiðastæði á hverja 75 fermetra húsnæðis. Í tengslum við skólalóð skal jafnframt gera ráð fyrir góðri og öruggri aðkomu fyrir langferðabíla. Frágangur leiksvæða á skólalóð skal taka mið af sérþörfum mismunandi aldurshópa í skólanum.

Í þessari sömu reglugerð er ítarlega gerð grein fyrir stærð kennslustofa og allrar aðstöðu innandyra miðað við nemendafjölda. Aftur á móti er engar viðmiðanir að finna um stærð leiksvæða. Það er því sveitarfélagsins að ákveða stærð skólalóðar og þá aðstöðu sem þar er sköpuð. Stærri sveitarfélög taka frá 20-25 hektara lands fyrir grunnskóla við skipulag nýrra hverfa. Hektaramir nýttast þó misvel eftir aðstæðum, svo sem landhalla, lögun lóðar, staðsetningu og lögun skólans, umferð og aðkomuleiðum, landnotkun á aðliggjandi svæðum, afstöðu til sólar, ríkjandi vindáttu o.fl. Spyrja má hvort ekki þurfi að taka frá enn stærri svæði fyrir skólalóð, því seint virðist séð fyrir öllum þörfum framtíðarinnar. Fyrir allnokrum árum voru notuð til hliðsjónar minnisblöð frá starfshópi á vegum menntamálaráðuneytisins um stærð skólalóðar miðað við nemendafjölda, en þau viðmið virðast ekki hafa skilað sér inn í reglugerð um lágmarksaðstöðu grunnskóla. Þetta tengist þeim vanda sem staðið er frammi fyrir í dag, en vegna einsetningar grunnskólanna hefur reynst nauðsynlegt að byggja við marga eldri skóla í grónum hverfum. Við upphaflega afmörkun skólalóðar og hönnun skóla og skólalóða hefur sjaldnast verið gert ráð fyrir slíkri stækkun. Næsta nágrenni er fullbyggt og því ekkert annað úrræði en að ganga á lóðina sjálfa, enda eðlilegt að tengja stækkunina þeim byggingum sem eru til staðar. Til að meta aðstöðu á lóð væri mikil hjálp í viðmiðunarstærðum miðað við nemendafjölda.

Skólalóð og hverfishjarta.

Skólalóðirnar er með mikilvægustu útivistarsvæðum bæja og hverfa. Þau eru leiksvæði barna á skólatíma og oftast en ekki einu leiksvæði hverfisins. Með einsetningu grunnskóla lengist skólalóð nemenda bæði daglega og inn á báða enda sumarsins. Og skólaárið á sjálfsagt eftir að lengjast enn frekar. Það er orðin gömul tugga að þörf barna fyrir hreyfingu og útiveru hefur aukist verulega með vaxandi kyrrsetu við tölvuleiki og sjónvarpsgláp, svo ekki sé nú talað um sælgætið og gosdrykkina. Til viðbótar kemur aukin innivera í skólalóðina.

Aldursdreyfing frá 6 ára börnum upp í 15 ára unglunga innan sömu veggja leiðir af sér hættu á árekstrum og yfirgangi þeirra sterkari. Því er mikilvægt að skipta skólalóðunum sem mest upp, innréttu miðað við þarfir mismunandi aldurshópa og áhugamála og dreyfa leiknum um alla lóð.

Í ljósi framangreinds þarf skólalóðin að höfða til barna á öllum aldri og beggja kynja. Lóðin þarf að standast gífurlegt álag allan ársins hring við mismunandi veðurfarsaðstæður. Hún á að vera félagslegur og námslegur vettvangur, skemmtileg, falleg, örugg, hreyfihvetjandi og fjölbreytileg. Rannsóknir hafa sýnt að börn, sem eiga við félagsvel vandamál að stríða í skóla, upplifa oft verstu stundirnar á skólalóðinni. Kannski vegna þess að skipulagt skólastarf nær í fæstum tilfellum út fyrir vegg skólans. Gamla "skólalóðin" með tveimur mörkum uppfyllir því ekki lengur væntingar nútímans.

Skipulag skólalóðarinnar

Að skipuleggja og hanna skólalóð ætti að vera spurning um það að nýta þá fermetra vel sem til ráðstöfunar eru og að skapa manneskjulegt, öruggt og hreyfihvetjandi umhverfi.

Aðkomuleiðir þurfa að vera skýrar og greiðar. Gönguleiðir að og um skólalóð þurfa að vera þannig að

sé óþarft að aka börnum til og frá skóla. Flæði umferðar verður þó að vera gott um bílastæði og

aðliggjandi götur. Á aðkomusvæðum skal gera ráð fyrir reiðhjólalástæðum, setmubblum og skjóli.

Í einfaldaðri mynd má hugsa sér rúmgóðar stéttar næst aðalinngöngum sem rúma hópleiki og fjöldann í frímínútum. Þessi svæði má líta á sem eins konar torg sem nýttast sem samkomusvæði fyrir skólann og aðliggjandi íbúðarhverfi, en hlutverk skólanna sem hverfishjarta er mikilvægt í því úthverfaskipulagi sem við kjósum að búa við.

Utan stéttanna komi belti með leiktækjum, og út á jöðrum er boltavöllum komið fyrir, umluktr jörðvegsmönnum og/eða skjólbeltum sem nýta má til umhverfisfræðslu. Leiksvæðin tengist saman með

gönguleiðum, til þess að stuttar frímínútur nýtist vel og til að auðvelda eftirlit og yfirsýn. Mikilvægt er að koma fyrir gróðri til rýmismyndunar, skjóls og yndisauka. Ræktun trjá- og runnagróðurs hefur

gengið misvel á skólalóðum, en þegar viðhald gróðurs í 2-3 ár eftir gróðursetningu fylgt lóðarframkvæmdum, er árangurinn ótvírætt langbestur.

Álag og ániðsla er mikil á skólalóðum. Allur búnaður og frágangur þarf að vera traustur. Gróðri er best komið í breiðum beðum. Gróðurbeð meðfram útveggjum draga úr veggjakroti og minnka ónæði utan við kennslustofur.

Reykjavíkurborg hefur markað stefnu um samstarf leikskóla og skóla og hafa þessar stofnanir verið staðsettar í nágrenni hvor við aðra. Tengja má íþróttasvæðin, leikskóla og skólalóð og fella inn í grænt lunga hverfisins. Um þessar mundir eru íbúar hvattir til að hafa áhrif á umhverfi sitt og t.d. með íbúáþingum. Nýlega stofnaði Selásskóli í Reykjavík umhverfisnefnd, sem er sett saman af kennurum, foreldrum og tveimur nemendum úr hverjum árgangi frá 5. bekk. Nefndinni er ætlað að móta umhverfisstefnu skólans og þar með talið skoða möguleika á nýtingu skólalóðarinnar.

Leiktækjasvæðin

Rýmismyndun á lóðinni þarf að vera góð og umhverfið í sjálfu sér að skapa umgjörð um skapandi leik. Leiktækin ganga úr sér með tímanum og úreldast, en lóðin á að verða verðmætari með tímanum og innihaldsríkari.

Skiptar skoðanir eru meðal fagfólks í skólum hve mikið og hvers konar leiktæki eigi að vera á skólalóðum. Leiktæki eiga að fela í sér möguleika á jafnvægisæfingum, fjölbreytilegri líkamsstyrkingu og félagslegri samveru. Leiktækin þarf að velja saman þannig að þau bjóði upp á sem fjölbreytilegasta áskorun. Fyrirkomulag þeirra þarf að vera þannig að fyllsta öryggis sé gætt og að uppfylltir séu staðlar um fjarlægðir á milli tækja og undirlag.

Flæði þarf að vera í leiknum, þar sem mikill fjöldi barna notar svæðið á mjög skömmum tíma. Þannig henta hóptæki betur en tæki sem eins og rólur, sem einn aðili teppir í lengri tíma. Staðlar um öryggismál á leiksvæðum gilda jafnt á skólalóðum, opnum leiksvæðum og leikskólalóðum. Eðlilegt er að gera greinarmun á leikskólalóðum annars vegar og skólalóðum hins vegar. Undirlag á leiktækjasvæðum þarf að uppfylla staðla um fjöðrun við fall. Samfelldir frostakaflar gjörbreyta öllum fjöðrunareiginleikum þeirra efna sem nothæf eru. Þrautarlending sú sem hér er notuð er leikvallaperlu, sem sett er í misþykk lög, háð hæð leiktækjanna. Efnið er mjög laust í sér og dregst til í svæðinu og um aðliggjandi svæði við notkun og geta skapað nýja slysa-hættu. Aðrar snyrtilegri og varanlegri lausnir eru oftast þurrkaðar út af teikniborðinu þegar kostnaður er skoðaður, en þá er t.d. átt við gúmmihellur eða samfellt hlaupabrautaefni. Erlendis er trjábarkarkurl mikið notað sem undirlag á leiktækjasvæðum, en í okkar skóglitla landi er það efni illfánlegt.

Boltavellirnir.

Rými þarf fyrir boltavelli og þá frekar minni og fleiri en færri og stærri. Þessir vellir eru yfirleitt malbikaðir, vegna þess að malarvellir eru oft illnothæfir við íslenskar veðurfarsaðstæður þar sem hitastigið er oft á mörkum frosts og þíðu. Jafnframt er hægt að leggja enn meira í vellina eins og t.d. gervigras. Þarna er um ræða nokkuð kostnaðarsama framkvæmd og dýra í rekstri, en aftur á móti eru notin af aðstöðunni mjög mikil, hvernig sem viðrar og langt út yfir skólatíma.

Æskilegt er að girða boltavelli af með net- eða stálrimlagirðingum. Þannig má komast af með minni velli en ella. Aðstæður geta leyft að grasmanir og brekkur gegni jafnframt hlutverki girðinga.

Náttúruleg leiksvæði / fræðslugarðar / umhverfisfræðsla

Áhugi er meðal skólafólks að nýta skólalóðir til umhverfisfræðslu. Annars vegar að hlutar lóðarinnar verði með náttúrulegu yfirbragði og hins vegar sem aflokaðir kennslugarðar, en slíkir garðar þurfa gjörgæslu. Margir skólar eru byggðir með inngörðum, sem eru misvel nýttir. Tilvalið er að líta á slíka garða sem kennslustofur undir berum himni. Auðvelt er að aðgangsstýra nemendum að slíkum gördum og minni hætta á skemmdarverkum.

Sjálfsgætt er að nýta heilleg sérstæð náttúruleg svæði sem til staðar eru. Sérstaklega ef landslagsmyndanir nýtast til leikja eða jafnvel náttúrufræðslu. Ekki henta þó allar landslagsgerðir á skólalóð, með þeim fjölda barna og ærslum sem þar tíðkast. Viðkvæmt gróðurfar er fljótt að fara í svað og slysa-hætta þar sem stórgrýtisholt eða –brekkur tengjast sleðabrekkum eða nærleiksvæðum. Börnin þurfa að að læra að lifa með náttúrunni, en það ber að fara varlega við að “hanna náttúru” sem t.d. getur haft í för með sér slysa-hættu. Aftur á móti er mjög áhugavert að nýta í tengslum við

náttúrufræðikennsla nærliggjandi útvistarsvæði. Trjálundir á skólalóðum skapa nálægð við náttúruna og vistkerfi sem áhugaverð geta verið til kennslu auk skjól- og rýmismyndunar. Skólagarðar sem sumarnámskeið barna í sinni upprunalegu mynd eru að verða hálfgerð tímaskekkja með lengdu skólaári. Börn í skólagörðum eru að gróðursetja hálfvaxnar plöntur um miðjan júní og svo lýkur starfinu löngu áður en bróðurpartur uppskerunnar er tilbúinn. Nær væri að tengja þetta

skólastarfinu beint, þannig að allur aðdragandinn yrði kenndur í vetrarlok, gróðursetning yrði framkvæmd á réttum tíma og uppskeran notuð jöfnum höndum í skólanum.

Myndatexti við síðustu myndina:

Við marga skóla eru inngarðar og milligarðar vannýttir. Þá má mætti nota sem samkomusvæði, náttúrufræðistofur undir berum himni eða sem leiksvæði yngstu barna.

Fylgiskjal 11

Tillögur sem borist hafa frá frístundaheimilum ÍTR

Leiktæki og skólalóðir ættu að vera hannaðar með þarfir mismunandi aldurs barna í huga sem og þroska þeirra.

- Skólalóð þarf að innihalda bæði malbik og gras
- Fótboltavöll
- Kjörfuboltavöll (fyrir fleiri en bara elstu bekkina)
- Svæði fyrir götukjörfubolta
- Línuskauta - og brettasvæði
- Hús til að fara inn í.
- Vegg til að geta farið í “Yfir” og aðra boltaleiki
- Brekkur til að geta rennt sér á þotum

Annað sem fram kom

- Lýsingu á skólalóðum er víða ábótavant
- Eftirlit og viðhald þyrfti að vera betra bæði á svæðinu sem og leiktækjunum
- Skólalóðir ættu að vera þannig hannaðar að börnin sjáist sem mest frá skólanum þegar þau eru við leik
- Gengið hefur verið á einhverjar skólalóðir með bílastæðum.
- Ef lóð er ekki vel við haldið hefur reynslan sýnt að svæðið getur breyst í eitt drullusvæð eins og verið hefur í haust vegna mikilla rigninga.